



FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ
THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

Samantekt umsagna vegna umræðuskjals nr. 3/2015

Umsagnir bárust frá eftirtöldum aðilum:

1. Arion hf.
2. Seðlabanka Íslands

Umsagnir aðila sem óska eftir trúnaði er ekki að finna í þessari samantekt. Umræðuskjal nr. 3/2015 varð að leiðbeinandi tilmælum nr. 2/2015 um bestu framkvæmd við gerð og form álagsprófa fjármálafyrirtækja

Nr.	Nafn umsagnaraðila	Tilvísun	Umsögn
1	SÍ	Almenn umsögn	Leiðbeinandi tilmæli FME samanstanda af þýðingum á 17 meginreglum úr viðmiðunarreglum EBA (Guidelines on Stress Testing, GL 32) frá 26. ágúst 2010 auk umfjöllunar um hlutverk Fjármálaeftirlitsins við yfirferð álagsprófa, sem er í samræmi við nefndar viðmiðunarreglur. eru viðmiðunarreglurnar teknar upp í tilmæli FME og gerðar hluti af þeim. Er það mat Seðlabankans að viðmiðunarreglur EBA taki við þar sem tilmælum FME sleppir og telur að framangreint fyrirkomulag sé heppilegt.
2	SI	Inngangur	Á nokkrum stöðum í inngangi eru notuð réttarskipandi hugtök sbr. 5. mgr. þar sem segir að hverri meginreglu fylgi leiðbeiningar sem taka "á" tillit til og í sömu málsgrein þar sem segir að fjármálafyrirtæki "þurfi" að kynna sér viðmiðunarreglurnar. Notkun réttarskipandi hugtaka í inngangi er ekki í samræmi við efni tilmælanna þar sem almennt er forðast að nota réttarskipandi hugtök líkt og "ber" og "skal" og í stað þess notað hugtakið að fjármálafyrirtæki "ætti" að taka tillit til eða framkvæma tiltekin atriði.
3	SI	10	Í 10. grein tilmæla FME er þýðing 10. meginreglu EBA viðmiðunarreglnanna, „Stress testing should be based on exceptional but plausible events“ sem útfærast sem „Sviðsmyndir ættu að byggja á óvenjulegum en líklegum atburðum“. Hér er enska orðið „plausible“ þýtt sem „líklegum“. Í þessu samhengi er betri þýðing á orðinu „plausible“ frekar „mögulegum“. Enda eru álagspróf almennt ekki að kanna áhrif líklegra atburða. Álagspróf eru almennt borin saman við eina eða fleiri sviðsmyndir, þar með talið svokallaða grunnmynd. Það er því við hæfi að fylgja orðalag EBA fyrir orðið „stress testing“ og þýða það sem „álagsprófun“ í stað „sviðsmyndir“. Seðlabankinn leggur því til að setningin verði orðuð svo: "Álagsprófun ætti að byggja á óvenjulegum en mögulegum atburðum".
4	SI	18	Í 18. grein segir að FME muni reglulega meta fyrirkomulag álagsprófa o.fl. m.t.t. til fylgni við tilmælin. Óljóst er til hvaða úrræða FME grípur eða getur gripið til leiði slík athugun í ljós að tilmælunum sé ekki fylgt þar sem leiðbeinandi tilmæli hafa aðra stöðu en lög og reglur. Væntanlega þarf að skýra þetta nánar.
5	SI	21	Í 21. gr. kemur fram að FME muni eiga samskipti /upplýsingaskipti við aðra eftirlitsaðila og stjórnvöld, bæði innanlands og erlendis. Ekki er ljóst í hvaða tilgangi þessi samskipti fara fram eða hvaða upplýsingum er ætlað að miðla. Í ljósi þagnarskyldu FME sbr. 13. gr. laga nr. 87/1998 um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi er æskilegt að framangreint sé skýrt nánar.
6	SI	22	Í 22. grein segir að „Fjármálaeftirlitið ... eða leggja sameiginleg álagspróf á hóp fjármálafyrirtækja út frá sviðsmyndargreiningu“. Fram til þessa hafa sameiginleg álagspróf út frá sviðsmyndargreiningu verið gerð í samstarfi

			FME og Seðlabanka. Seðlabankinn leggur til að breyta textanum í "...leggja sameiginleg álagspróf á hóp fjármálafyrirtækja út frá sviðsmyndargreiningu í samstarfi við Seðlabanka Íslands".
Nr.	Nafn umsagnaraðila	Tilvísun	Umsögn
7	Arion banki hf.	Almenn umsögn	<p>Í niðurlagi fyrstu málsgreinar inngangs að drögum er vísað í 2. mgr. 17. gr. laga um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002, en í lok 2. mgr. 17. gr. laganna segir að niðurstöður álagsprófa skulu vera á dagskrá næsta stjórnarfund eftir að niðurstöður þeirra liggur fyrir. Engar frekar leiðbeiningar er að finna um framkvæmd þessa málsliðar í lögskýringargögnum, og engar leiðbeiningar er að finna í drögum að leiðbeinandi tilmælum sem hér eru til umsagnar. Bankinn hefði viljað frekari leiðbeiningar um þennan málslið og þá sérstaklega í hvaða tilfellum niðurstöður álagsprófa skulu kynntar fyrir stjórn og hvort kynna eigi niðurstöður allra álagsprófa sem framkvæmd eru, stórra eða lítilla, fyrir stjórn. Fjöldi álagsprófa eru framkvæmd mjög reglulega, í mismunandi formi og mismikil að umfangi, og er því brýnt að skýra ákvæðið betur.</p> <p>Bankinn gerir athugasemd við að óþýddar erlendar viðmiðunarreglur frá CEBS (nú EBA), CEBS Guidelines on Stress Testing, séu látnar vera "hluti af" tilmælunum. Leiðbeinandi tilmæli eru ekki skuldbindandi á sama hátt og ákvæði reglugerða og reglna sem settar eru með sérstakri heimild í lögum. Tilvísun í óskuldbindandi leiðbeinandi tilmælum í óþýddar erlendar viðmiðunarreglur, sem eiga þar að auka að vera "hluti af" tilmælunum og eftirlitsskyldum aðilum gert að "kynna sér efni viðmiðunarreglna EBA" er því mjög langsótt og þýðingarlítið. Ef ætlunin er að innihald þessara viðmiðunarregla hafi leiðbeinandi en þó óskuldbindandi gildi ætti að taka það efni upp í tilmælin og sleppa tilvísun í að reglurnar séu "hluti" tilmælanna.</p> <p>Að öðru leyti gerir bankinn ekki athugasemdir við efni tilmælanna.</p>